

Alþingi
Erindi nr. P 141/1325
komudagur 30.1.2013

Efni: Umsögn ríkisskattstjóra um tillögu til þingsályktunar um skattafslátt vegna kostnaðar við ferðir til og frá vinnu - 105. mál., þskj. 105.

Ríkisskattstjóri hefur þann 28. janúar 2013 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að fela fjármála- og efnahagsráðherra að undirbúa og leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt sem feli í sér heimild ráðherra til að útfæra og setja reglur um afslátt af tekjuskatti þeim til handa sem bera háan kostnað vegna ferða til og frá vinnu innan tiltekinnna og skilgreindra atvinnusvæða.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að fólk í þéttbýli sem dreifbýli hafi í síauknum mæli leitað í störf í nágretta bæjar- og sveitarfélögum. Þessi þróun hafi leitt af sér sífellt stækkandi atvinnusvæði og lengri akstur og ferðir vegna vinnu. Þá sé ljóst að á sumum svæðum sé engum almenningssamgöngum til að dreifa.

Tillaga þessi er frekar óljós og virðist samkvæmt henni að ráðherra sé ætlað að móta frádráttarreglur. Meginreglan er hins vegar sú í lögum um tekjuskatt að frádráttarliðir séu ákveðnir með lögum. Ekki kemur fram hvort að slíkar frádráttarreglur sé ætlaður staður í skattmati sem ríkisskattstjóri semur og gefur út að fengnu samþykki fjármála- og efnahagsráðherra. Þá er mikilvægt að haft sé í huga að allar frádráttarreglur frá tekjuskattstofni eru einnig frádráttarreglur frá útsvarsstofni. Ekki kemur heldur fram í tillögunni hvort hinum nýju viðmiðunum sé ætlað að gilda einungis við álagningu opinberra gjalda eða hvort að launagreiðandi eigi að veita afslátt frá staðgreiðslu opinberra gjalda.

Ríkisskattstjóri leyfir sér að benda á að frádráttur vegna ferðakostnaðar milli heimilis og vinnustaðar var felldur niður fyrir 26 árum síðan þegar staðgreiðsla opinberra gjalda var tekin upp. Sá frádráttur var bundinn skilyrðum um tiltekna fjarlægð milli heimilis og vinnustaðar. Rök fyrir niðurfellingu frádráttarins á sínum tíma voru þau að frádráttir væru almennt taldir flækja skattframkvæmd, bæði í staðgreiðslu og við álagningu. Flóknari skattframkvæmd leiðir almennt til þess að skatteftirlit er erfiðara en ella. Ennfremur er ljóst að með upptöku staðgreiðslukerfisins var stefnt að einföldu og gagnsæju skattkerfi með fáum frádráttarheimildum og þannig myndi skapast grundvöllur til að hafa skattstofninn sem breiðastan en skatthlutföllin sem lægst. Eiga sömu sjónarmið við í dag. Þá er ástæða til að taka fram að samhliða niðurfellingu á nokkrum frádráttarliðum var tekinn upp hár persónuafsláttur sem m.a. var ætlað að bæta fyrir niðurfellingu frádráttarliða. Upptaka frádráttarheimildar af þessu tagi yrði brotthvarf frá fyrri stefnumörkun.

Ástæða er til að taka fram að í gildistíð eldri laga risu mörg ágreiningsmál milli skattstjóra sem þá störfuðu og hlutaðeigandi framteljanda um réttmæti frádráttar, þar sem deilt var um fjarlægðir á milli vinnustaða og heimilis. Augljóst er því að ef af slíkri lögfestingu yrði myndi ekki aðeins skattframkvæmdin flækjast heldur fjölga deilumálum sem skapar aukið álag á

skattyfirvöld, ríkisskattstjóra og yfirskattanefnd og þar með auka kostnað við skattframkvæmd sem því nemur.

Að framangreindu virtu telur ríkisskattstjóri afar margt mæla gegn samþykkt tillögunnar.

Virðingarfyllt
